



Vegagerðin  
B.t Bergþóru Þorkelsdóttur vegamálastjóra  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Fjallabyggð, 21. maí 2019  
Nr. erindis 1903056 / GIB

Efni: Bréf Magnúsar Vals Jóhannssonar til bæjarstjóra Fjallabyggðar frá 30. apríl 2019.

Sæl Bergþóra

Ég átta mig ekki á samskiptavenjum hjá vegagerðinni um þessar mundir. Rétt er að taka fram eftirfarandi:

1. Bréf til vegagerðarinnar frá 2. apríl 2019 var frá bæjarráði Fjallabyggðar og var stílað á vegamálastjóra en ekki á undirmann vegamálastjóra, Magnús Val Jóhannsson, sem annars er hinn mætasti maður.
2. Brunavarnir í jarðgöngum.

Rétt er að minna á, að vegagerðin er veghaldari í jarðgöngum og ber þar af leiðandi ábyrgð á öryggismálum í jarðgöngum svo sem brunavörnum. Bæjarráð Fjallabyggðar óskar eftir því við vegagerðina, að áhættumat og brunavarnarúttekt verði gerð fyrir jarðgöng í Fjallabyggð þ.e. Múlagöng, Strákagöng og Héðinsfjarðargöng sem allra fyrst. Brunaeðing í Múlagöngum sýndi að björgunar- slökkviliðsmenn geta lítið athafnað sig í göngum, þar sem reykur er frá bruna, nema t.d með hitamyndavélum og öðrum betri búnaði en nú er.

Í framhaldi af þessari úttekt yrði gerður þjónustusamningur við Fjallabyggð um brunavarnir í jarðgöngum í Fjallabyggð. Tveir gamlir vatnsbílar og nokkrar tetrastöðvar duga skammt til að tryggja öryggi vegfarenda.

3. Aðgengi að útvarpssendingum í jarðgöngum er öryggismál og eðlilegt að slíkt sé í öllum jarðgöngum á Íslandi.

Svar óskast sem fyrst.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

---

Gunnar Ingi Birgisson  
Bæjarstjóri